

### Þróun hæfnigreininga

Í maí síðastliðinn kom út 4. útgáfa af hæfnigrunni FA og [hæfnigreiningarspjöldum](#). Í framhaldinu voru allar [upplýsingar](#) um hæfnigreiningar á heimasíðu FA yfirfarnar og [vinnugögn](#) fyrir umjónarmenn hæfnigreininga endurskoðuð. Í september kom út 3. útgáfa af handbók fyrir umsjónarmenn greininga. *Mikilvægt er að umsjónarmenn noti ávallt nýjustu útgáfu af handbókinni*. Hana geta þeir fengið hjá tengilið.

Þegar beiðni um aðgang að hæfnigrunni FA berst er erindið tekið fyrir innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi beiðni berst. Ef beiðnin er samþykkt þá er skipaður tengiliður við verkefnið frá FA. Umsjónarmaður greiningarinn fær sendar upplýsingar um hlutverk tengiliðs og hver aðkoma hans að verkefninu er. Ítrekað skal að hafa þarf samráð við tengilið um tímaáætlun greiningarfunda. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að spjöld séu til reiðu eða að tengiliður geti sinnt sínu hlutverki. Einnig skal minnt á að framkvæmdaaðili greiningar ber ábyrgð á gæðum hæfnigreiningarinnar og niðurstöðum hennar og að hlutverk tengiliðar er ráðgjöf en ekki trygging fyrir samþykki starfaprófils að verkefni loknu.

Dagana 10. og 11. september var haldið vel sótt námskeið fyrir væntanlega umsjónarmenn greininga. Mikilvægt er að umsjónarmenn hæfnigreininga viðhaldi þekkingu sinni. Ef langur tími líður milli námskeiðs og fyrstu hæfnigreiningar eða milli einstakra hæfnigreininga þá getur verið ástæða til að sækja endurmenntun til FA. Sjálfsmatslistar sem notaðir eru á námskeiðum geta verið gagnlegir til að meta þörf fyrir endurmenntun. Þeir eru aðgengilegir á vef FA.

Fyrirhugað er að FA bjóði árlega upp á endurmenntunarnámskeið og það fyrsta verður á dagskrá í febrúar 2019. Nánari upplýsingar um endurmenntunarnámskeiðið verða sendar til þeirra sem hafa lokið námskeiði fyrir umsjónarmenn greininga.

### Hæfnigreiningar

Í hæfnigrunni FA eru nú í kringum 40 starfaprófilar en á þessu ári hafa 16 hæfnigreiningar verið framkvæmdar eða eru í framkvæmd bæði af FA og samstarfsaðilum.

Meðal hæfnigreininga sem hafa verið unnar hjá FA á árinu eru hæfnigreiningar að beiðni Háskóla Íslands í tengslum við þróun fagháskólanáms hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Hólum.

Það er ánægjulegt hversu mikill áhugi hefur verið á hæfnigreiningum starfa hjá samstarfsaðilum FA og því að nýta niðurstöðurnar sem grunn að námskrám.

### Þróun námskráa

Af þeim námskrám sem skrifaðar hafa verið hjá FA hafa 24 verið vottaðar af Menntamálastofnun í gegnum námskrárgrunninn.

Þróun námskráa sem byggja á starfaprófil er í fullum gangi. Menntamálastofnun hefur á árinu vottað þrjár námskrár sem byggja á starfaprófil. Það eru námskrárnar *Fagnám fyrir starfsþjálfva*, *Skjalaumsjón* og *Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu*. Auk þess hefur Menntamálastofnun vottað námskrána *Líf og heilsa – lífstílsþjálfun* sem var unnin í samstarfi við SÍBS og Austurbrú.

Mikil vinna er framundan við endurskoðun eldri námskráa. Menntamálastofnun mun taka þátt í þeirri vinnu að einhverju marki en einnig er mikilvægt að fulltrúar fræðsluaðila komi að endurskoðuninni.